

Jólaverslun 2014



og jólagjöfin í ár



JÓLAVERSLUN 2014 OG JÓLAGJÖFIN Í ÁR

Skýrsluna unnu:

Pálmar Þorsteinsson og Emil B. Karlsson

Rannsóknasetri verslunarinnar

Hönnun kápu:

Þorfinnur Sigurgeirsson

Nóvember 2014

Þeir sem nota efni úr skýrslunni eru góðfúslega
beðnir um að geta heimilda.

Jólainnkaup á netinu

Öll teikn eru um að hefðir jólainnkaupa séu að breytast. Jólainnkaup á netinu taka í auknum mæli við hinum hefðbundnu verslunarferðum fyrir jólin þar sem gengið er búð úr búð til að finna réttu gjöfina. Líklega eru samt fáir sem neita sér alfarið um stemninguna við jólainnkaupin með viðkomu á kaffihúsi, hlusta á tónlistaflutning og virða fyrir sér ljósadýrðina í skammdeginu.

Íslenskar netverslanir hafa mjög sótt í sig veðrið og vöxtur þeirra á undanförnum misserum síst minni en í nágrannalöndunum. Mikil og stöðug aukning er í pakkasendingum vegna netverslunar, þó aðallega frá útlöndum. Þau fyrirtæki sem sjá um pakkasendingar merkja stöðugan vöxt og sjá framá mikla aukningu í sendingum vegna netverslunar fyrir þessi jól líkt og í fyrra. Raftæki og bækur eru meðal vinsælasta varnings sem keypt er um netið. Þá hefur orðið mikil sprenging í fatakaupum um netið og má því ætla að það verði ekki bara gjafir keyptar um netið heldur sparifötin ekki síður.

Netverslun sparar sporin og auðveldar innkaupin og hver veit nema netverslun dragi úr verslunarferðum til annarra landa, því ekki er nauðsynlegt að ganga eftir erlendum breiðstrætum til að skoða í búðarglugga; nú þegar tölvuskjárinn og snjallsíminn hefur tekið við og hægt er að bera saman vöruúrval, verð og gæði - allt heima í stofu og láta svo póstin um að koma með vöruna heim að dyrum.

Í nágrannalöndum okkar er einnig gert ráð fyrir mikilli aukningu í jólagjafakaupum um netið. Samkvæmt könnun í Svíþjóð er gert ráð fyrir að lágmarki fjórði hver íbúi geri jólainnkaup á netinu fyrir þessi jól. Sú bandaríska hefð að hefja jólaverslunina í lok nóvember á Black Friday og net-jólaverslun á Cyber Monday hefur einnig verið að festa sig í sessi í Svíþjóð og að sögn ætlar fimmta hvert verslunarfyrirtæki að efna til einhverra jólatilboða á öðrum hvorum þessara daga eða báðum. Ekki er ólíklegt að við munum sjá svipaða þróun hér á landi.

Emil B. Karlsson

Forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar

Spá um jólaverslunina

Jólaverslun glæðist á ný


Ýmsar vísbendingar eru á lofti um að jólaverslunin muni verða líflægri í ár en í fyrra. Batinn eftir djúpa lægð ársins 2008 hefur verið hægur en stöðugur og heildarvelta í smásöluverslun er enn um 15-20% minni að raunvirði en þegar hún var sem mest árið 2007. Nú virðist þó komið að kaflaskilum. Hagstofan greindi frá því í þjóðhagsspá sinni í sumar að greina mætti aukinn kraft í innlendri eftirspurn. Atvinnuþátttaka hefur aukist á árinu, kaupmáttur jókst og skuldir heimilanna hafa farið lækkandi en allt leiðir það til þess að kaupgeta heimilanna eykst. Merki þessa má greina í aukinni einkaneyslu, meiri veltu smásöluverslana og auknum innflutningi á neysluvörum. Hækkun á væntingavísitölu Gallup bendir til þess að brúnir landsmanna hafi lyfst frá síðustu jólum. Það, ásamt teiknum um aukna einkaneyslu, gefur vonir um jólaverslun verði með góðu móti í ár.

Rannsóknasetur verslunarinnar áætlar að jólaverslun aukist um 4,2% frá síðasta ári að nafnvirði og að aukningin nemi 4% að magni til sé leiðrétt fyrir áætluðum verðhækkunum á tímabilinu.


Kaupmáttur hafði í september síðastliðinn vaxið um 4,4% frá því fyrir ári síðan og er vísitala kaupmáttar launa orðin nærri því sem hún var við upphaf ársins 2007. Bættan kaupmátt má að miklu þakka að verðbólga hefur haldist heldur lág það sem af er ári og verið undir verðbólguþröngmiði Seðlabankans frá því í febrúar á sama tíma og gengið hefur verið til kjarasamninga. Þó almennir kjarasamningar hafi hljóðað upp á 2,8% hækkun þá var launavísitala Hagstofunnar 5,8% hærra núna í september en hún var við lok ársins 2013. Gengi krónunnar skiptir einnig sköpum fyrir kjör launafólks og á árinu hefur það haldist fremur stöðugt.

Bætt kjör koma fram í flestum mælikvörðum á umfangi neyslu. Sé litið til greiðslukortaveltu innlendra korthafa fyrstu níu mánuði ársins má á nafnvirði sjá 3,2% aukningu milli ára í heildarveltu og 4,5% sé eingöngu horft á verslun. Þá var einkaneysla fyrstu 6 mánuði ársins 509 milljarðar að nafnvirði sem er 6% aukning frá því í fyrra. Velta smásöluverslunar hefur, ef einnig er litið á fyrstu 6 mánuði ársins, aukist um 5,3% að nafnvirði og um 4,2% að raunvirði. Að lokum hefur innflutningur varanlegra og hálf-varanlegra neysluvara verið 2,3% meiri fyrstu níu mánuðina en á sama tíma í fyrra samkvæmt tölum Hagstofunnar.


Athygli vekur að kortavelta Íslendinga erlendis er 13% meiri það sem af er ári en í fyrra og stefnir í að brottförum Íslendinga um Leifstöð fjölgi samtals um 25-30% milli ára samkvæmt talningu Ferðamálastofu. Á meðan aukin tíðni utanlandsferða gefur merki um meiri hagsæld þá getur það leitt til minni verslunar hérlendis




Mynd 1: Innflutningur varanlegra og hálf-varanlegra neysluvara hefur samanlagt verið meiri fyrstu 9 mánuði ársins en á sama tíma í fyrra (Heimild: Hagstofa Íslands)



Mynd 2: Væntingavísitala Gallup hefur farið hækkandi frá því í fyrra (Heimild: Capacent)




Mynd 3: Einstakir liðir smásöluvísitölnnar sýna að sala vöruflokka hefur þróast á mismunandi hátt á undangengnum árum. Línurnar sýna hlutfallslega þróun verðlags- og árstíðaleiðréttrar veltu frá ársbyrjun 2008. (Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar)



Mynd 4: Aukning í veltu jóla-
verslunar að raunvirði. Því er spáð að jóla-
verslun aukist um 4% að raunvirði árið 2014.
(Heimild: Hagstofa Íslands, velta
samkvæmt virðisaukaskattsuppgjöri.
Útreikningar og spá fyrir 2014 er gerð
af Rannsóknasetri verslunarinnar.)

og því óvíst hvaða áhrif auknar utanlandsferðir munu hafa á jóla-
verslunina í ár.

Það er spá Rannsóknaseturs verslunarinnar að velta jóla-
verslunar verði nokkuð meiri en í fyrra og aukist að raunvirði um 4% frá
fyrra ári samanborið við tæp 1,7% í fyrra. Að nafnvirði aukist hún
þó um 4,2% vegna verðlagshækkana. Meginforsendur spár Rann-
sóknaseturs verslunarinnar er veltuþróun smásöluverslunar það
sem af er árinu. Auk þess er höfð hliðsjón af öðrum þáttum sem
hafa áhrif á verslun eins og kaupmætti og væntingum.



Mynd 5: Velta smásöluverslana í nóv-
ember og desember, á nafnvirði án
virðisaukaskatts. Spáð er að velta
aukist um 2,9 milljarða árið 2014.
(Heimild: Hagstofa Íslands, velta sam-
kvæmt virðisaukaskattsuppgjöri. Spá
fyrir 2014 er gerð af Rannsóknasetri
verslunarinnar.)

Hver Íslendingur ver að jafnaði um 45.000 kr. til jólainnkaupa

Rannsóknasetur verslunarinnar spáir því að velta í smásöluversl-
un í nóvember og desember verði um 84 milljarðar króna eða um
72 milljarðar kr. án virðisaukaskatts og aukist þannig á breyti-
legu verðlagi um 4,2% milli ára. Þar af eru um 15 milljarðar um-
fram meðaltal annarra mánaða ársins og má ætla að þeir séu vegna
jólainnkaupa. Þetta jafngildir því að verslun þessa tvo mánuði verði
um 45.000 krónum meiri á mann umfram meðaltal annarra mánaða
ársins sem gera 180.000 krónur fyrir fjögurra manna fjölskyldu.

	Velta á mann kr.	Þar af vegna jóla kr.
Dagvörur	111.381	19.427
Sérvörur	146.117	25.485
Samtals	257.498	44.912

Tafla 1: Spá um veltu á mann í smá-
söluverslun í nóvember og desember
2014, með virðisaukaskatti, ásamt
sundurliðun eftir vöruflokkum.

Ætla má að verslun vegna jólanna (velta unfrám meðaltal annarra mánaða ársins) verði tæplega 15 milljarðar kr. fyrir þessi jól. Þannig má ætla að hver Íslendingur verji að meðaltali 45.000 kr. til innkaupa sem rekja má til árstímans.

Á mynd 5 má sjá hvernig velta smásöluverslana án virðisaukaskatts í nóvember og desember hefur þróast að nafnvirði frá árinu 2001. Árið 2013 jókst velta smásöluverslana þessa tvo mánuði um 3,3 milljarða eða 4% frá sama tímabili árið áður, þó að mestu leyti sökum verðhækkana. Í ár er sú aukning áætluð 2,9 milljarðar eða 4,2% en verðlag mun að mestu haldast óbreytt. Áætlað er að í desember verði hækkun neysliverðsvisitölu án húsnæðisliðar 0,2% og nafnaukning veltu því 4% sem er nokkuð meiri aukning en varð í fyrra.

	Heildar- velta m.kr.	Þar af vegna jóla m.kr.
Dagvörur	36.410	6.351
Sérvörur	47.765	8.331
Samtals	84.175	14.682

Tafla 2: Spá um heildarveltu í smásöluverslun í nóvember og desember 2014, með virðisaukaskatti, ásamt sundurliðun eftir vöruflokkum.

Jólagjöfin í ár

Það er tímanna tákn að neytendur hafa bæði hagkvæmni og gæði að leiðarljósi við innkaupin. Þetta birtist meðal annars í því að nytjahlutir til heimilisins þurfa bæði að uppfylla praktískar þarfir og lífga uppá umhverfið. Hagleiksfolk hefur þess vegna fengið útrás fyrir hæfileika sína í fegrun nytjahluta af ýmsum toga. Í ljósi þessa er það mat sérskipaðrar dómnefndar að jólagjöfin í ár sé:

„Nytjalist“

Nytjalist sameinar hönnun, hugvit og handverk. Hún getur verið heimatilbúin eða fjöldaframleidd, innlend eða erlend. Aðalatriðið er að hönnunin sameini notagildi og fagurfræði enda er það alkunna að kaffi bragðast betur ef það er borið fram í fallegum bolla. Enda þótt neytendur virðist almennt vera fremur hagsýnir í innkaupum gera þeir jafnframt ríka kröfu um útlit og gæði þeirrar vöru sem þeir kaupa. Þetta hefur gert nytjalistina vinsæla meðal neytenda, enda mætist í henni notagildi, fagurfræði og gæði.



Forsendur við val á jólagjöf ársins:

- Vara sem er vinsæl meðal neytenda
- Ný vara eða hefur vakið endurnýj-
aðan áhuga
- Vara sem selst vel
- Vara sem fellur vel að tíðarandan-
um

Mynd 6: Nytjalist er af ýmsum toga. Heitir drykkir, bornir fram í listilega hönnuðum bollum, gleðja augað á sama tíma og þeir ylja um hjartarætur. (Mynd: Handverk og Hönnun)

Það er mat dómnefndarinnar að jólagjöfin í ár falli vel að tíðarandanum þar sem neytendur gera margir þá kröfu að hversdaglegir hlutir séu einstakir, skeri sig úr og séu almennt til prýði. Margvísleg hönnunarhús má finna um allt land og ýmsir hönnuðir leita fanga í íslenskri menningu eða náttúru, en slíkt á mjög upp á pallborðið hjá neytendum nú um stundir. Nytjalist er sannarlega gjöf fyrir alla enda er mikil gróska í hönnun slíkra gripa um þessar mundir og möguleikarnir nær óþrjótandi.



Mynd 7: Jólagjafavalnefndin 2014. Frá vinstri á mynd: Sigurður Svavars-son, bókaútgefandi hjá Opnu, Ólöf Rut Stefánsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hönnunarmiðstöð Íslands, Harpa Theodórsdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Pálmar Þorsteinsson, sérfræðingur hjá Rannsóknasetri verslunarinnar, Fríður Birna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri ABC barnahjálpar, og Gunnar Lárus Hjálmarsson (Dr. Gunni), tónlistarmaður.

Valnefndin

Valnefndin hafði úr að velja fjölda hugmynda sem bárust nefndinni. Öllum þeim sem sendu hugmyndir eru þakkaðar góðar undirtektir.

Jólagjafir fyrri ára

2006 Ávaxta- og grænmetispressa

2007 GPS staðsetningatæki

2008 Íslensk hönnun

2009 Jákvæð upplifun

2010 Íslensk lopapeysa

2011 Spjaldtölva

2012 Íslensk tónlist

2013 Lífstílsbók

2014 Nytjalist

Helstu niðurstöður

- Áætlað er að jólaverslunin aukist um 4,2% frá síðasta ári. Leiðrétt fyrir verðhækkunum má ætla að hækkunin nemi um 4% að raunvirði.
- Áætlað er að heildarvelta í smásöluverslun í nóvember og desember verði tæplega 72 milljarðar króna án virðisaukaskatts.
- Ætla má að hver Íslendingur verji að meðaltali um 45.000 kr. til innkaupa sem rekja má til jólahaldsins.
- Jólagjöfin í ár er „Nytjalist“.

Hlutverk Rannsóknaseturs verslunarinnar er að stunda hagnýtar rannsóknir sem nýtast fyrirtækjum í verslun á Íslandi og safna og koma á framfæri tölfræðilegum upplýsingum um stöðu og þróun verslunar. Rannsóknasetrið vinnur einnig að eflingu kennslu á háskólastigi sem tengist verslun. Markmið Rannsóknasetursins er að auka fagmennsku í verslun og styrkja samkeppnishæfni verslunar-fyrirtækja í landinu.



**RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR**

Háskólinn á Bifröst • 311 Borgarnesi • Sími 433 3000 • www.rsv.bifrost.is

Gefið út í nóvember 2014